

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Vilhjálmi Arnasyni um rekstrarkostnað og rekstrartekjur ÁTVR.

1. *Hvernig skiptist rekstrar- og dreifingarkostnaður ÁTVR af heildsölu tóbaks og smásölu áfengis?*

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) er lögum samkvæmt rekin sem ein heild. Í bókhaldi fyrirtækisins er ekki sundurgreint hvernig einstakir kostnaðarliðir deilast á milli áfengis- og tóbakshlutans, eins og kostnaður við meðhöndlun vöru í vöruhúsi, sendingar og dreifingu, rekstur tölvukerfa og launakostnaður svo að eitthvað sé nefnt. Kostnaður vegna vörunotkunar áfengis annars vegar og tóbaks hins vegar er eini kostnaðarliðurinn sem er aðgreindur í rekstrinum og birtur í ársreikningi.

2. *Hverjar eru heildartekjur ÁTVR af heildsöluálagningu tóbaks annars vegar og áfengis hins vegar?*

Samkvæmt ársreikningi ÁTVR fyrir árið 2013 er framlegð af sölu áfengis samtals 2,6 milljarðar kr. en framlegð af sölu tóbaks er 1,4 milljarðar kr.

3. *Hver er sendingarkostnaður ÁTVR á ári vegna smásöluverslunar með áfengi?*

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR var heildarsendingarkostnaður eða dreifingarkostnaður fyrirtækisins á árinu 2013 rúmlega 91 millj. kr. Eins og áður er komið fram liggur ekki fyrir hvernig sendingar- eða dreifingarkostnaði er skipt upp eftir vöruflokkum.

4. *Hver er annars vegar árlegur markaðskostnaður og hins vegar ferðakostnaður ÁTVR frá árinu 2000 á föstu verðlagi?*

Í eftirfarandi töflu koma fram umbeðnar upplýsingar á föstu meðalverði ársins 2013 samkvæmt útreikningum ÁTVR (fjárhæðir í milljónum króna).

Ár	Markaðskostnaður	Ferðakostnaður
2001	32,3	10,6
2002	32,8	13,7
2003	30,8	17,1
2004	53,7	16,1
2005	47,7	14,5
2006	54,1	17,4
2007	73,9	16,0
2008	77,3	19,0
2009	45,4	15,9
2010	36,9	10,7

<b>Ár</b>	<b>Markaðskostnaður</b>	<b>Ferðakostnaður</b>
2011	43,6	16,4
2012	32,7	21,0
2013	48,2	19,8

Til upplýsinga – Ársskýrsla ÁTVR:

[http://www.vinbudin.is/Portaldata/1/Resources/solutolur/arsskyrslur/ATVR\\_arsskyrsla\\_2013\\_2200kb.pdf](http://www.vinbudin.is/Portaldata/1/Resources/solutolur/arsskyrslur/ATVR_arsskyrsla_2013_2200kb.pdf)